



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
b.t. skrifstofu barna- og fjölskyldumála
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2020

2001001SA TP
Málalykill: 00.64

Efni: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofa - frumvarpsdrög

Vísað er í tilkynningu í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 26. maí sl., þar sem áform eru kynnt um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Samband íslenskra sveitarfélaga lætur hér í té umsögn sína um áformaðar breytingar á stofnanafyrirkomulagi velferðarþjónustu. Breytingarnar varða málefnasvið félagsmálaráðuneytisins og fela í sér að tvær nýjar stofnanir, Barna- og fjölskyldustofa (BFS) og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV), koma í stað Barnaverndarstofu (BVS) og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar (GEF), sem í dag er starfrækt sem ráðuneytisstofnun, sbr. 17. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Markmið breytinga á stofnanafyrirkomulagi er að styðja við samþættingu þjónustu í þágu barna og jafnframt að skapa forsendur til að styrkja þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur, styrkja eftirlit og samræma reglur um barnavernd, félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu við viðkvæma hópa.

Almennt

Umsögn sambandsins á þessu stigi málsins er fyrst og fremst ætlað að halda til haga áherslum sem farið er fram á að lagðar verði til grundvallar í áframhaldandi vinnu við öll þrjú frumvörpin sem og við frekari umbætur sem eru fyrirhugaðar á þjónustu í þágu barna.

Á þessu stigi máls er um að ræða áform um lagasetningu. Sambandið reiknar með að fullburða frumvarpsdrög verði sett inn á samráðsgátt stjórnvalda þegar unnið hefur verið úr athugasemdum sem berast í þessu skrefi ferlisins, þar á meðal eftirtöldum ábendingum sambandsins:

- Lagaramminn verði skýr og greinilegur um að nýjar stofnanir skuli byggðar upp frá grunni og fái tækifæri til þess að móta breytta nálgun gagnvart ráðgjöf, þjónustu og framkvæmd eftirlits. Leggja ber áherslu á umbótamiðað og snemmtækt eftirlit sem fari fram í samráði við þá sem eftirlitið beinist að.
- Taka þarf af skarið um að GEV beri ábyrgð á því að byggja upp og viðhalda gagnagrunni um stjórnsýslumál og stjórnvaldsaðgerðir sem lúta að velferð barna. Lögin þurfa jafnframt að styðja við stafræna stjórnsýslu á vettvangi BFS og að engar hindranir séu á miðlun þeirra upplýsinga á milli BFS og GEV sem þessar stofnanir þurfa á að halda í störfum sínum.
- Sérstaklega þarf að rýna fyrirleggjandi drög að ákvæðum um öflun og miðlun persónuupplýsinga. Í báðum frumvarpsdrögum er að finna ákvæði er heimila

vinnslu persónuupplýsinga enda nauðsynlegt að til staðar sé lagaheimild er heimilar stjórnvöldum (ríkis og sveitarfélaga) vinnslu persónuupplýsinga og að miðla slíkum upplýsingum sín á milli þegar það er nauðsynlegt vegna málsmeðferðar.

- Jafnframt þarf greinargerð með frumvörpunum að innihalda betri lýsingu á þeim gögnum sem gætu þurft að fara á milli aðila og í hvaða tilgangi. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að meta beri hagsmuni barna og fjölskyldna með sama hætti við vinnslu persónuupplýsinga.
- Í allri umræðu um samþættingu þjónustu í þágu barna hefur sambandið lagt megináherslu á þá grundvallarreglu sem fram kemur í 1. mgr. 3. gr. barnasáttmála SP, sbr. lög nr. 19/2013, þ.e. að öll aðkoma stjórnvalda á málefnum barns eigi að helgast af því að það sé í forgangi sem er barninu fyrir bestu. Þessi grundvallarregla hefur afar mikið vægi þegar meta þarf þá hagsmuni sem barn annars vegar og foreldrar þess og fjölskylda hins vegar hafa af persónuvernd og friðhelgi einkalífs þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga.
- Kallað er eftir því að staða kröfulýsinga verði alveg skýr í nýju fyrirkomulagi. Sambandið telur rétt að sveitarfélögin gefi út kröfulýsingar sem gildi um samninga sem þau gera við sjálfstætt starfandi rekstraraðila um veitingu þjónustu. Gæðaviðmið séu útgefin af GEV og taki til þess að lýsa æskilegu fyrirkomulagi starfsemi (út frá útkomu í þágu notanda) og þjónustustigi. Skýrt sé að þjónustuveitanda beri skylda til þess að rökstyðja hvernig starfsemi hans mætir gæðaviðmiðum, eftir atvikum með vísan til úrbótaáætlunar.
- Umgjörð um dagforeldri og stuðningsfjölskyldur. Sveitarfélögin hafa veitt þessi leyfi hingað til enda um þjónustu að ræða sem veitt er í nærsamfélaginu og á grundvelli mikilla og reglulegra samskipta við þjónustuveitendur. Fyrir liggur einnig að sveitarfélögum hefur reynst erfitt að fá aðila til að sinna umræddri þjónustu. Er það mat sambandsins að með því að gera umsóknarferlið meira íþyngjandi en nú verði enn erfiðara að fá fólk til að sinna þessari þjónustu. Því ætti rekstrarleyfi/starfsleyfi vegna þessara þátta áfram að vera veitt af sveitarfélögum.
- Rekstrarleyfi, einkum hvað varðar húsnæði og mönnun, þurfa að gera ráð fyrir því að leyfi séu bundin úrbótaáætlun. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að gera ráð fyrir undanþágum, t.d. á stöðum þar sem viðvarandi skortur er á fullu aðgengi að sérmenntuðu starfsfólki. Mjög áriðandi er að væntanlegur lagarammi viðurkenni þá staðreynd að úrbótaáætlun (m.a. varðandi húsnæði) getur tekið til missera eða ára. Þetta tengist einnig áformum um að úrelða ófullnægjandi húsnæði í þjónustu, m.a. þau herbergjasambýli sem enn eru rekin í málaflokki fatlaðs fólks.

Fleiri atriði sem varða rekstrarleyfi þarfnast nánari svo sem tímabinding þeirra.

- Í 7. gr. frumvarpsdraga um BFS er sérstaklega nefnt að þeirri stofnun eigi að vera heimilt að taka gjald fyrir þjónustu. Að mati sambandsins er ljóst að þessari gjaldtökuheimild er sérstaklega beint að sveitarfélögunum. Sambandið gerir

alvarlega athugasemd við þá ráðagerð og fer fram á að gjaldtökuheimildin verði felld út. Ganga ber út frá því að þjónustuúrræði sem BFS verður falið að reka skv. breyttu fyrirkomulagi, séu einn liður í lögákveðnu hlutverki þeirrar stofnunar. Óeðlilegt er að ætla sveitarfélögum að standa undir þessari starfsemi með greiðslum enda blasir við að hin nýja stofnun fái fjárveitingar á fjárlögum til þess að standa undir lögbundnum verkefnum sínum.

Sambandið bendir einnig á að ósamið er á milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg samskipti.

- Fyrirliggjandi frumvarpsdrög gera ráð fyrir því að samhliða gildistöku nýrra laga um BFS og GEV verði gerðar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sambandið tekur eindregið undir umsögn Reykjavíkurborgar um þessar áformuðu breytingar. Draga verður stórlega í efa að það sé til þess fallið að ná markmiðum í samþættingarstarfinu, að taka upp stýringu á þjónustu sveitarfélaga í gegnum reglugerðir settum af ráðuneytinu. Þá er mjög ósækilegt að breyta hlutverki úrskurðarnefndar velferðarmála eins og lagt er upp með.

Sambandið áskilur sér allan rétt til þess að kalla eftir breytingum á þessum þáttum málsins við áframhaldandi meðferð þess.

Samantekt

Sambandið er mjög jákvætt gagnvart áformum um breytingar á stofnanafyrirkomulagi velferðarþjónustu og telur málið vera í góðum farvegi. Við frekari vinnslu þess þarf að skoða eftirtalin atriði:

1. Áhersla á umbótamiðað og snemmtækt eftirlit sem fari fram í samráði við þá sem eftirlitið beinist að.
2. Að GEV fái ábyrgð á því að byggja upp og viðhalda gagnagrunni um mál sem lúta að velferð barna. Unnið verði út frá hugmyndafræði í nútíma stjórnsýslu um eina gátt fyrir öflun og miðlun þeirra upplýsinga sem stjórnvöld þurfa á að halda í stjórnsýslu málaflokksins.
3. Ákvæði um öflun og miðlun persónuupplýsinga.
4. Rekstrarleyfi þarf að tengja við úrbótaáætlanir ásamt möguleikum á undanþágum vegna staðbundinna aðstæðna.
5. Fella þarf út að ný Barna- og fjölskyldustofa hafi heimildir til innheimtu gjalda af sveitarfélögum vegna rekstrar þjónustuúrræða.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri